

9. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 15. febrúar kl. 17:00 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Ástmar Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Guðmundur H. Hjartarson boðaði forföll

Pálmi Þór Sævarsson, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Vesturlandi, var gestur fundarins. Hann vék af fundi kl. 17:40.

1. Hagsmunamál gagnvart ríkinu, framhald umræðu

Jakob fór yfir skýrslu sem sýnir stöðuna á Snæfellsvegi (Skógarstrandarvegi). Jakob fór einnig yfir forsendur og markmið samgönguáætlunar. Gríðarleg tækifæri eru til uppbyggingar á veginum, hvað varðar m.a. ferðaþjónustu en öryggi er grunntónninn í samgönguáætlun og mikilvægt að bæta ástand vegarins með tilliti til öryggissjónarmiða.

Pálmi fór yfir stöðuna á Snæfellsvegi sem liggur um Skógarströnd og Hörðudal. Búið er að lagfæra yfir 3 km svæði en kaflinn sem er nú í vinnslu er 5 km og tvær einbreiðar brýr verða fjarlægðar. Fyrirhugað að byrja á því verkefni í mars og vinna báðar brýrnar samhliða. Ef allt gengur að óskum þá klára þeir veginn og brýrnar í haust og setja slitlag næsta sumar, en lokafrestur er í júlí á næsta ári. Þá eru eftir 56 km.

Miðað við grófa kostnaðaráætlun má gera ráð fyrir að endurgerð vegarins kosti um sjö og hálfan milljarð.

Búið að gera frumdrög að Snæfellsvegi milli Vestfjarðarvegur og Heydalsvegur en næsta verkefni í frumdrögum er Snæfellsvegur milli Stykkishólmsvegur og Heydalsvegur. Eins og staðan er í dag þá eru þessi verkefni ekki fjármögnuð.

Gerð leiðanna og umferðarmagnið ræður því hvað þjónustustigið er hátt þegar kemur að snjómokstri, þær leiðir sem eru með bundið slitlag og umferðarþyngri fá meiri þjónustu.

Pálmi vék af fundi.

Jakob kynnti áfangaskýrslu starfshóps um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi. Megintillaga starfshópsins er að stofnað verði Þekkingar- og rannsóknarsetur við Breiðafjörð. Hugmyndin er að sveitarfélögum á svæðinu verði boðið að gerast stofnaðilar setursins.

Nefndin ræddi afmörkun þeirra hagsmunamála gagnvart ríki og þingi sem rædd yrðu á fundum með þingmönnum og ráðherrum. Mikilvægt er að forgangsraða málunum. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2. Drög að minnisblöðum

Róbert er búinn að senda drög að minnisblöðum á nefndarfólk. Minnisblöðin verða birt á vefsíðu verkefnisins, helgafellssveit.is, þegar þau eru tilbúin. Nefndarfólk mun fara yfir minnisblöðin og senda athugasemdir og ábendingar á ráðgjafa.

Umræðu frestað til næsta fundar.

3. Kynningaráætlun

Róbert er búinn að funda með Önnu hjá Anok sem getur séð um uppsetningu á bæklingnum, kynningarmyndbönd og annað sem tengist kynningarstarfinu. Hún mun taka saman tilboð og senda á nefndina.

Fullur þungi verður lagður í kynningarmál þegar minnisblöðin hafa verið afgreidd og birt.

Stefnt er að því að íbúafundir verði um miðjan mars.

Umræðu frestað til næsta fundar.

4. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar verður 22. febrúar kl. 17. Drög að minnisblöðum verða til umræðu á fundinum og markmiðið að fá þau afgreidd svo hægt sé að birta þau á vefsíðu verkefnisins og hefja kynningarstarfið í kjölfarið.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:35.